

Yfirlit yfir starf minningarsjóðs dr. Phil. Jóns Jóhannessonar 1983-2003

Nr. 409

31. maí 1983

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra, 31. maí 1983.

SKIPULAGSSKRÁ

um Minningarsjóð dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors. Sjóðurinn er stofnaður til minningar um prófessor Jón Jóhannesson, er lést 4. maí 1957, með gjöf ekkju prófessors Jóns, frú Guðrúnar P. Helgadóttur, og með minningargjöfum samstarfsmanna, nemenda, ættingja og vítta hans. Fé sjóðsins er nú kr. 60 000,00 kr. Sjóðurinn veitir gjöfum viðtöku.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands, og er varsla hans og ávöxtun í höndum rektors og háskólaráðs. Með stjórn sjóðsins fer að öðru leyti þriggja manna stjórnarnefnd, er háskólaráð kys til þriggja ára í senn.

3. gr.

Framangreindan höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Vaxtatekjum hans skal varið til að veita stúdentum eða kandidötum í íslensku og sagnfræði styrki til einstakra rannsóknarverkefna, er tengjast þeirra námi. Úthluta skal árlega úr sjóðnum, ef ástæða þykir til, á afmælisdegi prófessors Jóns, hinn 6. júní.

4. gr.

Háskólaráð lætur árlega gera reikninga sjóðsins, og skulu þeir birtir í árbók háskólans. Reikningarnir skulu endurskoðaðir með sama hætti sem reikningar annarra háskólasjóða.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Stjórnarmenn 2003 – 2006

Margrét Eggertsdóttir fræðimaður á Árnastofnun

Guðrún Ása Grímsdóttir vísindamaður á Árnastofnun

Guðmundur Hálfðánarson prófessor í heimspekideild

Skipuð til þriggja til ársloka 2006.

Saga sjóðsins

Stofnaður af Guðrúnu P. Helgadóttur með minningargjöf. Árlega hefur Guðrún lagt sjóðnum til 10 – 20 þúsund. Féð er afrakstur af sölu minningarkorta sem hún selur vinum og vandamönnum. Tekjur sjóðsins hafa ekki verið aðrar en féð er ávaxtað í regnhlífarsjóði Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

Í stjórn hafa setið

1983: Þórhallur Vilmundarson prófessor, Jón Samsonarson handritafræðingur og Ólafur Oddsson menntaskólakennari

1987: Þórhallur, Jón og Ólafur endurkjörnir af háskólaráði í stjórn

1991: Þórhallur, Jón og Ólafur endurkjörnir af háskólaráði í stjórn sjóðsins.

1993: Þórhallur, Jón og Ólafur endurkjörnir af háskólaráði í stjórn sjóðsins

1997: Þórhallur, Jón og Ólafur endurkjörnir af háskólaráði í stjórn sjóðsins

2000: Þórhallur, Jón og Ólafur endurkjörnir af háskólaráði í stjórn sjóðsins

2003: Þórhallur, Jón og Ólafur gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu.

2003: Skipuð af háskólaráði 12. júní 2003 í stjórn sjóðsins: Margrét Eggertsdóttir og Guðrún Ása Grímsdóttir báðar á Árnastofnun og Guðmundur Hálfðánarson prófessor í heimspekideild

Styrkþegar skv. fundargerðarbókum.

Fj.um	Styrkþegi (fjárhæð) -verkefni
1984	2 Þórunn Valdimarsdóttir (15.000) – Samanburður á handritum heima og erlendis
1985	1 Ekki veittur styrkur
1986	4 Páll Valsson (20.000) – Kandidatsritgerð: Skáldskapur Snorra Hjartarsonar
1987	3 Guðrún Nordal (25.000) – Doktorsritgerð við Oxford – “Ethics and action in thirteenth Century Iceland
1988	2 Margrét Eggertsdóttir (30.000) – Kandidatsritgerð – Viðhorf Hallgríms Péturssonar til dauðans í sálum og kvæðum hans.
1989	2 Skúli Sigurðsson (35.000) – Doktorsritg. í vísindasagnfr. við Harvard – Ekki nánari uppl. í fundargerð
1990	4 Leó Ingason (45.000) – Athuganir á tengslum lands og þjóðar við Holland og Hollendinga á fyrri öldum.
1991	4 Sigríður K. Þorgrímsd. (50.000) – Söfnun á rituðu máli Þuru Árnadóttur frá Garði t.am. Þjóðlegur fróðleikur
1992	5 Svanhildur Óskarsdóttir (50.000) – Doktorsverkefni – Samsteypurit á miðöldum
1993	1 Aðalheiður Guðmundsd. (50.000) – Kandidatsritg. (HÍ?) – Ævintýraminnið um vondu stjúpuna
1994	4 Hrefna Róbertsdóttir (?) - Kandidatsritg, HÍ – Ein tunna gulls. Innréttingar Skúla fógeta og Friðriks fimmta – viðreisn eað vand í íslenska bændasamfélaginu 1770-95.
1995	3 Ármann Jakobsson (?) – MA ritgerð (HÍ?) – konungsímynd nokkurra miðaldaútg.

1996	2	Gunnar Ólafur Hansson (50.000) – MA-ritgerð – söguleg hljóðkerfisfræði
1997	4	Guðni Th. Jóhannesson (55.000) - Stuðningur Íslands við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna 1990-1991
1998	6	Halldór Bjarnason (55.000) – Frhnam við Glasgow-hásk. í hagsögu. Áætl lok dr.prófs 1999
1999		Engar upplýsingar um starfsemi
2000	3	Hallgrímur J. Ámundason (75.000) – MA ritgerð – Ágrip af Noregskonungasögum
2001		Engar upplýsingar um starfsemi
2002	2	Lára Magnúsardóttir (75.000) – doktorsnemi við HÍ – bannfæringar á Íslandi á síðmiðöldum.

Almanak sjóðsins

Mars-apríl: Stjórn fær upplýsingar um leyfilega styrkfjárhæð skv. reikningsskilum og skilyrðum skipulagsskrár.

Miður apríl – miður maí: Auglýst eftir umsóknum meðal nema í íslensku og sagnfræði. Umsóknarfrestur hefur að jafnaði verið til 15.maí. Skv. Ólafi Oddssyni hafa auglýsingar verið hengdar upp í Aðalbyggingu HÍ, Árnagarði, Odda og félagsstofnun stúdenta.

Lok maí: Stjórn sjóðsins fær afrit af öllum umsóknum sem berast um styrk

Lok maí – byrjun júní: Stjórn fundar og ákveður um styrkúthlutun. Stjórn svarar öllum umsóknum. Stjórn semur fréttatilkynningu um styrkúthlutun. Formlegt bréf stjórnar til forstöðumanns styrktarsjóða um ákvörðun stjórnar, nafn og kennitala styrkþega.

6. júní að jafnaði: Úthlutun styrks fer fram. Misjafnt hvar hún hefur farið fram, þó oftast í Skólábæ.

Tillögur um starfið 2003

1. Lagt er til að ekki verði úthlutað úr sjóðnum á þessu ári. Sjóðurinn hefur nokkur undanfarin ár úthlutað umfram heimild skv. skipulagsskrá, og ávöxtun verið rýr á sama tíma.
2. Lagt er til að stjórn riti umsækjanda í sjóðinn bréf um þessa niðurstöðu.

Tillögur um breytingar á almanaki

1. Ásamt því að hengja auglýsingar í Árnagarði, Odda, aðalbyggingu og félagsstofnun er lagt til að auglýsing um umsóknir verði á nemendavef íslensku og sagnfræðiskorar í heimspekideild.
2. Jafnframt verði auglýsing sett á hi-nem
3. Lagt er til að stjórn geri drög að fréttatilkynningu en að styrktarsjóður í samvinnu við kynningardeild HÍ, sjái um undirbúning og skipulag úthlutunar.
4. Lagt er til að úthlutun fari ávallt fram í Skólábæ.